


SKÝRSLA UM STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS

2022



1.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs	1
1.1	Stjórn og starfsmenn	1
1.2	Hlutverk og verklag	2
1.3	Fjöldi virkra þjónustu- og ráðstöfunaraðila 2019-2022	2
1.4	Markmið um söfnun og endurvinnslu	3
1.5	Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi 2019-2022	7
1.6	Veiðarfærasamningur	8
1.7	Aðrir samningar við Úrvinnslusjóð	8
1.8	Erlend samskipti	9
1.9	Lagabreytingar	9
1.10	Ríkisendurskoðun lauk stjórnsýsluúttekt á starfsemi Úrvinnslusjóðs	9
1.11	Undirbúningur fyrir sérstaka söfnun	10
2.	Ársreikningur 2022 og staðfestingarbréf stjórnar fyrir árið 2022	11
	Ársreikningur	
3.	Rekstur vöruflokka	27
	Olíuvörur	28
	Lífræn leysiefni	29
	Halógeneruð efnasambönd	30
	Ísósýanöt	31
	Olíumálning	32
	Prentlitir	33
	Rafhlöður	34
	Rafgeymar	35
	Framköllunarvökvar	36
	Varnarefni	37
	Kvikasilfurvörur	38
	Kælimiðlar	39
	Hjólbarðar	40
	Pappaumbúðir	41
	Raf- og rafeindatæki	42
	Plastumbúðir og heyrúlluplast	44
	Ökutæki	46

Starfsemi Úrvinnslusjóðs

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Úrvinnslusjóður var stofnaður á grundvelli þeirra. Við gildistöku laganna voru jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar og Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laga um úrvinnslugjald og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla. Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og skilagjalds sem greiða skal samkvæmt lögnum og ráðstöfun þess. Í lögum um Úrvinnslusjóð er að finna heimild umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að setja nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð.

Árið 2016 tóku gildi lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Við gildistöku þeirra varð sú breyting að innheimt úrvinnslugjald rann ekki lengur beint inn í Úrvinnslusjóð heldur í ríkissjóð sem veitti lögum samkvæmt Úrvinnslusjóði fjárframlag á grundvelli fjárheimilda í fjárlögum hvers árs. Fram að þessari breytingu eða til ársins 2017 hafði Ríkisendurskoðun endurskoðað og stillt upp ársreikningi fyrir sjóðinn. Í ársreikningi var að finna sundurliðun í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002, þar sem kemur m.a. fram að Úrvinnslusjóður skuli ár hvert gera skýrslu um innheimtu og ráðstöfun úrvinnslugjalds eftir vöruflokkum (uppgjörsflokkum). Fyrir árið 2022 liggur ekki fyrir endurskoðaður ársreikningur í samræmi við framangreind ákvæði í lögum um úrvinnslugjald. Ársreikningur fyrir árið 2022 hefur verið staðfestur í samræmi við lög um opinber fjármál en hann endurspeglar ekki meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald. Ársreikningurinn veitir ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins, tölur um rekstur og stöðu vöruflokka í 3. kafla fyrir árin 2019 - 2022 byggja á óendurskoðuðum uppgjörum Úrvinnslusjóðs.

1. Rekstur Úrvinnslusjóðs

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en sex meðstjórnendur og varamenn skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá aðilum sbr. töflu. Með breytingu á lögum um úrvinnslugjald um mitt ár 2015 var stjórnarmönnum fjölgað í sjö og varamönnum bætt við. Þann 20. ágúst 2019 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra stjórn Úrvinnslusjóðs, ásamt varamönnum, til fjögurra ára.

Árið 2022 urðu nokkrar breytingar á skipan stjórnarmanna, í byrjun árs var Áslaug H. Jónsdóttir skipuð í stað Bryndísar Gunnlaugsdóttur fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga, Halldór Haraldsson skipaður í stað Hlíðars Þ. Hreinssonar fyrir Félag atvinnurekenda. Í apríl var Guðný Hjaltadóttir skipuð í stað Halldórs Haraldssonar fyrir Félag atvinnurekenda og Hlíðar Þ. Hreinsson skipaður varamaður. Í október var svo Líf Magneudóttir skipuð í stað Áslaugar H. Jónsdóttur fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn Úrvinnslusjóðs 2022

Skipaður af ráðherra	Magnús Jóhannesson
Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Líf Magneudóttir
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Eygerður Margrétardóttir
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Hildur Hauksdóttir
Félagi atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir
Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson

Varamenn stjórnar 2022

Samtök iðnaðarins	Jóhanna K. Stefánsdóttir
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Gunnar D. Ólafsson
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Hrefna B. Jónsdóttir
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Guðfinnur G. Johnsen
Félagi atvinnurekenda	Hlíðar Þ. Hreinsson
Samtök verslunar og þjónustu	Berglind R. Guðmundsdóttir

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru sex.

1.2 Hlutverk og verklag

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Sjóðurinn beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vörflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs og aðra endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi, í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fellur til og fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna. Úrvinnslusjóður semur um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga.

Stjórn sjóðsins leggur fram tillögur til ráðherra, eftir því sem við á, um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Við gerð tillagna að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

1.3 Fjöldi virkra þjónustu- og ráðstöfunaraðila 2019-2022

Þjónustuaðilar vinna á grundvelli samnings og skilmála sem Úrvinnslusjóður setur. Þjónustuaðili getur sinnt fleiri en einum vörflokki. Úrvinnslusjóður gerir ekki samninga við ráðstöfunaraðila en samþykkir þá og hefur eftirlit með ráðstöfun til þeirra skv. skilmálum.

Fjöldi þjónustuaðila	2022	2021	2020	2019
Pappa- og pappírsumbúðir	6	6	7	7
Plastumbúðir (án heyrúlluplasts)	7	7	6	7
Heyrúlluplast	4	5	7	6
Hjólbarðar	6	6	7	6
Spilliefni	5	9	8	8
Rafhlöður	7	7	Áður hluti af spilliefnum	
Raftæki	6	6	6	5

Fjöldi ráðstöfunaraðila	2022	2021	2020	2019
Pappa- og pappírsumbúðir	3	3	3	2
Plastumbúðir (án heyrúlluplasts)	3	3	3	2
Heyrúlluplast	4	7	9	8
Hjólbarðar	2	2	3	5
Spilliefni	4	5	7	7
Rafhlöður	5	5	Áður hluti af spilliefnum	
Raftæki	8	9	8	13

Á heimasíðu Úrvinnslusjóðs má sjá hvaða þjónustuaðilar hafa gert samning við Úrvinnslusjóð ásamt lista yfir ráðstöfunaraðila.

<https://www.urvinnslusjodur.is/fyrir-thjonustuaðila/thjonustuaðilar/>


<https://www.urvinnslusjodur.is/fyrir-thjonustuaðila/radstofunaraðilar/>

1.4 Markmið um söfnun og endurvinnslu

Umbúðir úr pappa, pappír og plasti


Í reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum, kemur fram að endurvinnsla pappa- og pappírsumbúða skal vera 60% og plastumbúða 22,5% eftir 31. desember 2011.

- Endurvinnsluhlutfall segir til um hversu mikið var endurunnið sem hlutfall af því magni sem sett var á markað á árinu [endurvinnsla/sett á markað].



Mynd 1.4.1

Magn pappa- og pappírsumbúða sem settar voru á markað, endurvinnslu þeirra og endurvinnsluhlutfall. Markmiði um 60% endurvinnsluhlutfall er náð fyrir öll árin. Tölur eru ekki leiðréttar m.t.t. óhreininda.



Mynd 1.4.2

Magn plastumbúða sem settar voru á markað, endurvinnslu þeirra og endurvinnsluhlutfall.

22,5% markmið næst öll árin nema 2022. Skýringu má finna í því að úrvinnslugjald hækkaði verulega 2023 og mikið var flutt inn af heyrúlluplasti fyrir áramótin til að nýta lægra gjald. Í tölum yfir plastumbúðir eru skilagjaldsumbúðir úr plasti taldar með varðandi árangur.


Endurvinnsluhlutföll eru yfirfarin og uppfærð eftir upplýsingum frá endurvinnsluaðilum, skv. samráði við Umhverfisstofnun og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti (Magntölur eru leiðréttar m.t.t. óhreininda).

Rafhlöður og blýsýrurafgeymar

Í reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma, með síðari breytingum, kemur fram að Úrvinnslusjóður skuli að lágmarki ná 65% söfnunarhlutfalli færanlegra rafhlaða og rafgeyma eigi síðar en 26. september 2020.

- Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af því magni sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni sem sett var á markað á árinu og næstu tveimur árum þar á undan. [söfnun/sett á markað (meðaltal þriggja ára)].
- Úrvinnslusjóður gefur Umhverfisstofnun upplýsingar um endurvinnslu og förgun rafhlaða og rafgeyma.

Mynd 1.4.3




Mynd 1.4.3

Magn rafhlaða, rafgeyma og blýsýrurafgeyma sem sett var á markað, sem safnað var og söfnunarhlutfall skv. reglum um útreikning á því ásamt markmiðum um söfnun.

Söfnunarhlutfall er á niðurleið. Hvað varðar blýsýrurafgeyma er óvenju mikill innflutningur árið 2022. Ekki hafa fengist skýringar á því frá tollayfirvöldum.

Mynd 1.4.4



Mynd 1.4.4

Myndin sýnir söfnunarhlutfall fyrir rafhlöður og rafgeyma annars vegar og blýsýrurafgeyma hins vegar og söfnunarhlutfall fyrir heildina ásamt markmiðum.


Söfnunarhlutfall er á niðurleið. Sjá skýringu við mynd 1.4.3.

Raf- og rafeindatæki

Í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, kemur fram að meðhöndla skuli allan raf- og rafeindatækjaúrgang sem safnað er. Úrvinnslusjóði ber að ná markmiðum um að safna og meðhöndla að lágmarki 65% frá 1.1.2019.

- Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af því magni sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni sem sett var á markað þrjú undangengin ár. [söfnun/sett á markað (meðaltal þriggja ára)].


Mynd 1.4.5



Mynd 1.4.5

Magn raf- og rafeindatækja sem sett voru á markað, söfnun þeirra, söfnunarhlutfall m.v. reiknireglur og markmið um söfnun skv. reglugerð. Söfnunarhlutfall fyrir árið 2022 er 27% miðað við meðaltal þess sem sett er á markað undangengin þrjú ár 2019-2021. Árið 2022 var álagt magn heldur meira en árin á undan en söfnunin minni. Nokkuð langt er í að markmið um 65% söfnun náist, og þess má geta að eingöngu fjögur lönd í Evrópu náðu 65% söfnunarmarkmiði fyrir árið 2021¹.

Mynd 1.4.6



Mynd 1.4.6

Samanburður á söfnun milli ára fyrir alla flokka raf- og rafeindatækjaúrgangs.

¹ https://weee-forum.org/ws_news/weee-flows-2-the-update-of-weee-collection-rates-targets-flows-and-hoarding/

Í töflu hér að neðan má sjá hlutfall raf- og rafeindatækjaúrgangs sem er endurunnið og alls endurnýtt árið 2022. Notaðar eru upplýsingar frá öllum ráðstöfunaraðilum í öllum flokkum. Þessar upplýsingar eru ekki mjög ítarlegar en unnið er að því að bæta gæði þeirra með samvinnu við ráðstöfunaraðila, því eru endurnýtingar og endurvinnsluhlutföll skráð með fyrirvara.

Endurvinnsla er magn sem er endurunnið og endurnotað (skv. upplýsingum ráðstöfunaraðila) sem hlutfall af söfnuðu magni í hverjum flokki. Endurnýting er magn sem er endurnýtt (orkuvinnsla og önnur nýting efna), þ.m.t. magn sem er endurunnið og endurnotað, sem hlutfall af söfnuðu magni í hverjum flokki.

Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af því magni sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni sem sett var á markað þrjú undangengin ár. [söfnun/sett á markað (meðaltal 2019-2021)].

Flokkur raftækja	Markmið um endurnýtingu	Endurnýting m/fyrirvara	Markmið um endurvinnslu	Endurvinnsla m/fyrirvara
Kælitæki	85%	99%	80%	81%
Skjáiir	80%	97%	70%	76%
Perur	80%	95%	80%	0%
Stór tæki	85%	72%	80%	88%
Lítil tæki	75%	96%	55%	70%
Lítil UT tæki	75%	99%	55%	79%

1.5 Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi 2019-2022

Í 3. og 4. gr. laga um úrvinnslugjald er kveðið á um að leggja skuli úrvinnslugjald á tilteknar vörur til að stuðla að úrvinnslu úrgangs. Fjárhæð úrvinnslugjalds skal taka mið að áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangsins. Fyrir raftæki og umbúðir skal upphæð gjaldsins taka mið af áætlun um þær greiðslur sem bjóða þarf til að ná tilskildum árangri hvað varðar markmið. Vörum er skipt í vöruflokka (uppgjörsflokka) sem eiga að vera fjárhagslega sjálfstæðir. Stjórn Úrvinnslusjóðs gerir tillögu til ráðherra sem fer með tekjuöflun ríkisins um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds. Í töflunni er yfirlit yfir úrvinnslugjald og breytingar á því árin 2019 til 2022.

Álögð úrvinnslugjöld 2019 og breytingar eftir það

Númer vöru flokks	Vöruflokkar	2022	2021	2020	2019
1	Heyrúlluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)	30	28	28	16
4	Oliuvörur aðrar en brennsluolia	60	50	40	35
4	Svartolia	1,1	0,9	0,7	0,2
5	Lífræn leysiefni, almennt	26	26	26	26
5	Lífræn leysiefni, sérstök	150	150	150	150
6	Halógeneruð efnasambönd	260	220	220	220
7	Ísósýanöt	8	8	8	5
8	Olíumálning	50	42	42	38
9	Prentlitir	40	40	40	25
10	Rafhlöður, mangandíoxíð	130	100	100	100
10	Rafhlöður, lípíum	245	188	188	188
10	Rafhlöður með nikkelkadmíum	289	222	222	222
10	Rafhlöður, kvikasilfuroxíð	800	615	615	615
10	Rafhlöður, silfuroxíð	800	615	615	615
10	Rafhlöður, loft- sink	800	615	615	615
10	Alkalískar hnapparafhlöður [kr/stk]	8	8	8	8
10	Rafhlöður, annað	130	100	100	100
10	Rafhlöður, hlutar	130	100	100	100
11	Rafgeymar með vökva	8	8	8	8
11	Rafgeymar án vökva	11	11	11	11
11	Rafgeymar í tækjum [kr/tæki]	195 til 3.090	195 til 3.090	195 til 3.090	195 til 3.090
12	Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	480 til 3840	480 til 3.840	360 til 2.880	46 til 707
13	Kvikasilfursvörur	900	900	900	900
14	Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni	18	18	8	3
15	Kælimiðlar	2,5	2,5	2,5	2,5
16	Hjólbarðar	40	40	40	40
16	Hjólbarðar [kr/ökutæki]	80 til 40.000	80 til 40.000	80 til 40.000	80 til 40.000
18	Pappírs- og pappaubúðir	22	22	15	15
19	Raf- og rafeindatæki, kælitæki	47	47	47	47
19	Raf- og rafeindatæki, skjáir	70	70	70	130
19	Raf- og rafeindatæki, perur	55	55	55	25
19	Raf- og rafeindatæki, stór tæki	11	11	11	11
19	Raf- og rafeindatæki, lítil tæki	30	30	30	16
19	Raf- og rafeindatæki, lítil upplýsinga- og fjarskiptatæki	13	13	13	13
20	Plastumbúðir	30	28	28	16
51	Ökutæki [kr/ökutæki á ári]	1.800	1.800	1.800	700

Ath. Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið

1.6 Veiðarfærasamningur

Á árinu 2021 var gerður nýr samningur á milli stjórnar Úrvinnslusjóðs og SFS um veiðarfæraúrgang í stað eldri samnings. Samningurinn bíður staðfestingar ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengun af völdum veiðarfæraúrgangs sem inniheldur plast. Leita á leiða til að auka skil, draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar, örva og hvetja til endurnýtingar þar sem það er hagkvæmt.

Veiðarfæraúrgangurinn skal vera:

- Þurr (rakainnihald að hámarki 6%).
- Flokkaður eftir veiðarfæratagund.
- Laus við alla aðskotahluti, aðskotaefni og óhreinindi s.s. fisk, sand, sjávargróður og olíu.
- Laus við alla aukahluti, s.s. blý, gúmmí, flot, keðjur og víra.

Veiðarfæri úr plastefnum sem send voru til endurvinnslu hjá Polivektris í Litháen, Norfir í Noregi og Plastix í Danmörku. Einnig voru rockhopperar² sendir til endurvinnslu hjá Granuband í Hollandi.

Endurvinnsluaðili	Magn [kg]	Efni
Granuband	356.820	
Nofir	597.110	PA
Plastix	368.529	PE
Polivektris	290.903	PA
Endurnýtt af verktaka	22.470	
Samtals	1.635.832	

Heldur meira magn af veiðarfæraúrgangi fór til endurvinnslu en árið áður, en árið 2021 fóru 653 tonn til endurvinnslu en 1.280 tonn til endurnýtingar og þar af 1.196 tonn til endurvinnslu árið 2022. Einnig fóru 27 tonn til endurnotkunar árið 2022. Árverkniátak SFS við meðhöndlun veiðarfæra sem stóð yfir árin 2021-2022 skilar hér mun betri skilum ásamt því að góð loðnuveiði var árið 2022, sem skilar sér í meiri úrgangi af neta afskurði. Áætlað er að veiðarfæraúrgangur úr gerviefnum nemi allt að 1.100 – 1.300 tonnum á ári. Samningar náðust á árinu 2021 við Granuband í Hollandi um endurvinnslu á rockhopperum úr gúmmí. Alls fóru um 357 tonn til Hollands (77 tonn 2021) sem annars hefðu farið í urðun. Rockhopperar falla ekki undir samning um veiðarfæri úr gerviefnum.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir það magn sem safnað hefur verið samkvæmt samningnum og endurvinnsluhlutfall í samræmi við markmiðin. Samkvæmt samningnum skal stefnt að því að minnst 60% af veiðarfæraúrgangi sem inniheldur gerviefni og fellur til á landsvísi fari í endurvinnslu.

Ráðstöfun veiðarfæraúrgangs	2022	2021	2020	2019
Magn til endurvinnslu skv. samningi [tonn]	1.636	653	526	758
Endurvinnsluhlutfall af 1.100 tonnum skv. samningi	149%	59%	48%	69%

1.7 Aðrir samningar við Úrvinnslusjóð

Samningar sem Úrvinnslusjóður gerir eru annars vegar á grundvelli 3. mgr. 8. gr. laga um úrvinnslugjald. Þar eru m.a. í gildi samningar um veiðarfæri og svartolíu. Hins vegar á grundvelli 15. gr. laga um úrvinnslugjald.

Varðandi söfnun olíuúrgangs var farin önnur leið þar sem gerður var samningur við olíufélögin um söfnun og úrvinnslu smurolíuúrgangs, m.a. vegna seljendaábyrgðar sem m.a. er grundvallaður á seljendaábyrgð olíufélaganna sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, þar sem kveðið er á um að þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu sé skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki sem til þess hafa leyfi Umhverfisstofnunar, og tryggja viðunandi eyðingu. Þjónustuaðilar safna jafnframt smurolíu í smálátum sem olíufélögin sækja til þeirra á grundvelli framangreinds samnings. Sérstakur samningur var við olíufélögin um svartolíuúrgang á grundvelli 3. mgr. 8. gr. úrvinnslugjaldslaganna en olíufélögin sögðu honum upp árið 2019 og þar með hófst innheimta á úrvinnslugjaldi á svartolíu. Með því féll svartolíuúrgangur undir framangreindan samning við olíufélögin. Olíufélögin sjá um að

² Rockhopperar sem eru úr gúmmí eru notaðir í botnvörpu til að hægt sé að draga veiðarfærið eftir sjávarbotni.

safna svartolíuúrganginum eftir sem áður, en fá eftir uppsögn greitt endurgjald frá Úrvinnslusjóði á grundvelli olíusamningsins.

Auk samnings um veiðarfæri sem innihalda gerviefni (sjá kafla 1.6) milli stjórnar Úrvinnslusjóðs og SFS og samninga við þjónustuaðila á grundvelli skilmála (sjá kafla 1.3) hefur stjórn Úrvinnslusjóðs gert samninga við prentsmiðjurnar Landsprent og Ísafold um endurnýtingu eigin prentlitaurgangs sbr. heimild í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002.

1.8 Erlend samskipti

Úrvinnslusjóður er aðili að eftirtöldum samtökum:

- EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery. Í samtökunum eru um 23 aðilar, flestir frá Evrópu. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plastumbúðum auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.
- EXPRA eða Extended Producer Responsibility Alliance. Í samtökunum eru 25 aðilar frá 25 löndum sem sinna framleiðendaábyrgð fyrir umbúðir. Expra er vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um söfnun og endurvinnslu umbúða.
- WEEE Forum starfar sem alþjóðlegur samstarfsvettvangur 48 aðila sem sinna framleiðendaábyrgð fyrir raf- og rafeindatæki. Samtökin leiða ýmis verkefni til að stuðla að hagkvæmari söfnun og endurvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs.

1.9 Lagabreytingar

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi þær breytingar á úrvinnslugjaldi sem kveðið var á um í lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga nr. 131/2021. Lögin voru samþykkt af Alþingi þann 28. desember 2021 og við gildistöku þeirra hækkaði úrvinnslugjald á plast úr 28 kr./kg. í 30 kr./kg., á olíuvörur úr 50 kr./kg. í 60 kr./kg., á brennsluolíur úr 0,90 kr./kg. í 1,1 kr./kg., á halógeneruð efnasambönd úr 220 kr./kg. í 260 kr./kg., á málningarvörur úr 42 kr./kg. í 50 kr./kg. auk þess sem hækkar urðu á mismunandi tegundum rafgeyma og færanlegra rafhlaðna. Í lok árs 2022 voru samþykkt tvenn breytingalög á lögum um úrvinnslugjald. Báðir lagabálkar taka gildi 1. janúar 2023, að undanskildum nokkrum ákvæðum sem taka gildi 1. mars það sama ár. Breytingum er ætlað að fylgja eftir innleiðingu hringrásarlaganna nr. 103/2021 sem einnig taka gildi þann 1. janúar, en með þeim er ákvarðað að greiða skuli úrvinnslugjald af nýjum umbúðaflokkum þ.e. umbúðum úr við, málm og gleri. Í breytingalögum nr. 131/2021 er úrvinnslugjald þessara nýju umbúðategunda ákvarðað auk þess sem úrvinnslugjöld annarra vöruflokka sem falla undir sérstaka söfnun er hækkað til að standa undir kostnaði af söfnuninni. Einnig er í breytingalögum nr. 131/2021 að finna ákvæði sem skýra ábyrgð innflytjanda og framleiðanda ökutækja á drifrafhlöðum, breytt var ákvæði um álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki sem mun eftir gildistöku laganna verða lagt á við nýskráningu en ekki innflutning eins og áður var og að lokum voru viðamiklar viðbætur við umbúðamódelið í viðauka XVIII vegna álagningar úrvinnslugjalds á nýjar umbúðategundir.

1.10 Stjórnsýsluúttekt á starfsemi Úrvinnslusjóðs

Þann 31. maí 2021 samþykkti Alþingi, á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og ríkisreikninga, að óskað yrði úttektar ríkisendurskoðanda á starfsemi Úrvinnslusjóðs. Varð ríkisendurskoðandi við þeirri beiðni og birti skýrslu í ágúst 2022. Í skýrslu er að finna 6 úrbótatillögur. Við útgáfu skýrslu var útbúin aðgerðaáætlun í 16 liðum og hófst vinna við 14 þeirra á árinu 2022. Í lok þess sama árs var þarfagreiningu á starfsemi Úrvinnslusjóðs með aðstoð ytri ráðgjafa lokið og á grunni hennar var m.a. unnið að stafrænni þróun, skráningu verkferla o.fl.

Verkefnaáætlun³ ásamt upplýsingum um framvindu verkefna er birt á heimasíðu Úrvinnslusjóðs. Áætlað er að öllum verkefnum áætlunar ljúki á árinu 2024.

1.11 Undirbúningur fyrir sérstaka söfnun

Í lögum nr. 103/2021 sem tóku gildi þann 1. janúar 2023 var að gert skylt að safna sérstaklega tilteknum efnisflokkum heimilisúrgangs, þar á meðal pappa- og pappír, plasti, við, málm og gleri. Með lögunum bættust umbúðir úr við, málm og gleri við efnisflokka Úrvinnslusjóðs og ákvarðað var úrvinnslugjald sem leggjast skyldi á hvern flokk. Á árinu 2022 hófst undirbúningur vegna innleiðingar sérstakrar söfnunar. Úrvinnslusjóður gerði, í samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa, kostnaðargreiningu vegna söfnunarinnar. Ákvörðun um fjárhæð úrvinnslugjalds og endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar byggði á kostnaðargreiningu.

³ <https://www.urvinnslusjodur.is/um-urvinnslusjod/verkefnaaetlun-vegna-stjornsysluutektar/>

2. Ársreikningur

Hér á eftir kemur ársreikningur og staðfestingarbréf stjórnar fyrir árið 2022.

 Fullgild rafræn undirskrift SANDRA BRÁ JÓHANNSDÓTTIR Kennitala: 240179-2959 2023-12-13 15:36:01 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift LÍF MAGNEUDÓTTIR Kennitala: 130874-6069 2023-12-14 11:50:16 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift GUÐNÝ HJALTADÓTTIR Kennitala: 170186-2639 2023-12-18 15:27:55 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift LÁRUS MICHAEL KNUDSEN ÓLAFSSON Kennitala: 080274-0279 2023-12-18 15:30:54 GMT Ástæða: Undirskrift
 Fullgild rafræn undirskrift KRISTÓFER MÁR MARONSSON Kennitala: 270993-3709 2023-12-18 17:54:12 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift HILDUR HAUSSDÓTTIR Kennitala: 260586-2899 2023-12-19 10:34:03 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift JÓN VIGGÓ GUNNARSSON Kennitala: 011069-5339 2023-12-19 15:19:57 GMT Ástæða: Undirskrift	 Fullgild rafræn undirskrift BENEDIKT SVEINBJ. BENEDIKTSSON Kennitala: 210774-4679 2024-01-09 09:45:26 GMT Ástæða: Undirskrift

Úrvinnslusjóður
14 287

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfsþáttayfirlit	6
Skýringar	7

Úrvinnslusjóður

kt. 530803-3680

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdarstjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrd á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Sjóðnum er skipt í vörflokka/uppgjörsflokka. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs í hverjum vörflokki.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 17 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, er efnislega gert ráð fyrir að tekjur af úrvinnslugjaldi séu færðar sem rekstrartekjur ríkissjóðs. Samkvæmt 3. málsl. 37. gr. laganna skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Í séryfirliti 2 í ríkisreikningi er gerð grein fyrir ráðstöfun tekna af álögðu úrvinnslugjaldi, sbr. 1. tölul. 19. gr. laganna. Þá nýtur Úrvinnslusjóður fjárheimilda samkvæmt fjárlögum. Samkvæmt 19. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, er tekjur Úrvinnslusjóðs fjárveiting á grundvelli fjárheimilda í lögum sem nemur tekjuáætlun fjárlaga af úrvinnslugjaldi og endurmati á tekjuáætlun úrvinnslugjalds fyrra árs. Vaxtatekjur vegna úrvinnslugjalds eru eign Úrvinnslusjóðs. Renna tekjur af úrvinnslugjaldi, þ.m.t. vaxtatekjur, óskiptar til Úrvinnslusjóðs að undanþegnu umsýslugjaldi til ríkissjóðs sem nemur 0,5% af tekjum sjóðsins. Framsetningu ársreikningsins er hagað á þann hátt að hann endurspeglar stöðu Úrvinnslusjóðs sem ríkisaðila í A-hluta í samræmi við ákvæði laga nr. 123/2015 og reglur sem gilda umreikningsskil ríkisins. Því endurspeglar ársreikningurinn ekki að fullu meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald heldur gætir ósamræmis. Þá gefur ársreikningurinn ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002.

Úrvinnslugjald og fjárveitingar

	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2021	Árið 2022
414243 - Úrvinnslugjöld, almenn, innflutningur	-1.377.610.947	-1.527.933.161	-1.956.187.822	-2.229.690.299
414245 - Úrvinnslugjald af ökutækjum	-155.643.383	-383.206.255	-368.537.141	-371.731.704
414244 - Úrvinnslugjöld, almenn, innl. framleiðsla	-106.076.912	-83.346.064	-106.104.124	-166.551.489
414247 - Endurgr.úrv.gj.v/notkunar í innlenda úrv.gj.skylda framl.	1.134.068	7.801.742	4.694.924	1.160.198
414248 - Endurgr. hluti úrv.gj.v/endurn. úrgangs (ákv. af Úrv.sj.)	2.532.205	1.078.588	0	1.718.265
Samtals tekjur vegna úrvinnslugjalda	-1.635.664.969	-1.985.605.150	-2.426.134.163	-2.765.095.029

Flokkun tekna

Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1.377.610.947	1.527.933.161	1.956.187.822	2.229.690.299
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	155.643.383	383.206.255	368.537.141	371.731.704
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu	102.410.639	74.465.734	101.409.200	163.673.026
Samtals tekjur vegna úrvinnslugjalda	1.635.664.969	1.985.605.150	2.426.134.163	2.765.095.029

Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárheimild ársins 110 Úrvinnslusjóður	1.808.000.000	1.906.000.000	2.248.200.000	2.248.200.000
Fjárheimild ársins 101 Almennur rekstur	72.000.000	72.000.000	72.000.000	72.000.000
Samtals fjárheimild	1.880.000.000	1.978.000.000	2.320.200.000	2.320.200.000

Mismunur á milli ára úrvinnslugjald og fjárveiting	244.335.031	-7.605.150	-105.934.163	-444.895.029
Uppsafnaður mismunur frá 2017	95.047.601	87.442.451	-18.491.712	-463.386.741

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 2.337,3 milljónir og afkoma kr. 338,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 1.560,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.024,9 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrvinnslusjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Stjórn Úrvinnslusjóðs

Sandra B. Jóhannsdóttir
Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.336.400.000	2.319.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	933.665	1.044.946
Tekjur samtals		2.337.333.665	2.320.044.946
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	96.735.815	80.219.225
Framlög og tilfærslur	4	360.000	0
Annar rekstrarkostnaður	5	1.964.968.445	2.039.011.542
Afskriftir	6	933.665	1.044.946
Gjöld samtals		2.062.997.925	2.120.275.713
Afkoma fyrir fjármagnsliði		274.335.740	199.769.233
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	7	73.557.326	14.583.393
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(9.521.825)	(3.100.985)
		64.035.501	11.482.408
Afkoma ársins		338.371.241	211.251.641
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	338.731.241	211.251.641
Rekstrartilfærslur		(360.000)	0
		338.371.241	211.251.641

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		3.057.572	3.173.775
		<u>3.057.572</u>	<u>3.173.775</u>
Fastafjármunir samtals		<u>3.057.572</u>	<u>3.173.775</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	2.019.857.654	1.770.139.793
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	8.583.380
Handbært fé		2.033.271	2.140.779
Veltufjármunir samtals		<u>2.021.890.925</u>	<u>1.780.863.952</u>
Eignir samtals		<u>2.024.948.497</u>	<u>1.784.037.727</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		1.560.657.250	1.222.286.009
Bundið eigið fé		126.000.000	126.000.000
Eigið fé samtals		<u>1.686.657.250</u>	<u>1.348.286.009</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	0	648.760
Viðskiptaskuldir	12	323.494.312	411.833.637
Ýmsar skammtímaskuldir	13	10.858.944	19.697.665
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	3.937.991	3.571.656
Skuldir samtals		<u>338.291.247</u>	<u>435.751.718</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.024.948.497</u>	<u>1.784.037.727</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		338.371.241	211.251.641
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	933.665	1.044.946
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(933.665)	(1.044.946)
		<u>338.371.241</u>	<u>211.251.641</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		8.583.380	(5.376.772)
Tengdir aðilar		(249.884.083)	(236.479.166)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(97.178.046)	30.458.688
		<u>(338.478.749)</u>	<u>(211.397.250)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(107.508)</u>	<u>(145.609)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(817.462)	(1.615.740)
		<u>(817.462)</u>	<u>(1.615.740)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	415.740
Fjárfestingarframlag		817.462	1.200.000
		<u>817.462</u>	<u>1.615.740</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(107.508)	(145.609)
Handbært fé í byrjun árs		2.140.779	2.286.388
Handbært fé í árslok		<u>2.033.271</u>	<u>2.140.779</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2022, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöi

	Almennur rekstur 14 287 101	Úrvinnslusjóður 14 287 110	Samtals 2022
	Málefna svið - málaflokkur 17 30	17 30	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	70.600.000	2.265.800.000	2.336.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	933.665	0	933.665
Tekjur samtals	71.533.665	2.265.800.000	2.337.333.665
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	96.735.815	0	96.735.815
Annar rekstrarkostnaður	37.735.343	1.927.233.102	1.964.968.445
Afskriftir	933.665	0	933.665
Gjöld samtals	135.764.823	1.927.233.102	2.062.997.925
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(64.231.158)	338.566.898	274.335.740
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	56.746	73.500.580	73.557.326
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(20.482)	(9.501.343)	(9.521.825)
	36.264	63.999.237	64.035.501
Afkoma ársins	(64.194.894)	402.566.135	338.371.241
Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(63.834.894)	402.566.135	338.731.241
Rekstrartilfærslur	(360.000)	0	(360.000)
	(64.194.894)	402.566.135	338.371.241
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að fráðregnum rekstrartekjum	70.600.000	2.265.800.000	2.336.400.000
Fjárveiting til tekna	70.600.000	2.265.800.000	2.336.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(134.794.894)	(1.863.233.865)	(1.998.028.759)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(64.194.894)	402.566.135	338.371.241
Staða fjárveitinga 2021 í lok þess árs	(43.665.921)	1.265.951.930	1.222.286.009
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	(107.500.815)	1.668.518.065	1.561.017.250
Rekstrartilfærslur	(360.000)	0	(360.000)
	(107.860.815)	1.668.518.065	1.560.657.250
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	1.300.000	0	1.300.000
Fjárfesting á árinu	(817.462)	0	(817.462)
Staða fjárfestingafjárveitingar	482.538	0	482.538
Staða fjárfestinga 2021 í lok þess árs	397.881	0	397.881
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2022	880.419	0	880.419

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.336.400.000	2.319.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	933.665	1.044.946
	<u>2.337.333.665</u>	<u>2.320.044.946</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.336.400.000	0	0	2.336.400.000
Fjárveiting til tekna	<u>2.336.400.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.336.400.000</u>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértækjum	(1.997.668.759)	(360.000)	0	(1.998.028.759)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	<u>338.731.241</u>	<u>(360.000)</u>	<u>0</u>	<u>338.371.241</u>

	2022	2021
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	79.318.433	64.137.881
Orlof, breyting	24.552	2.120.131
Launatengd gjöld	17.136.030	13.811.213
Starfsmannakostnaður	<u>256.800</u>	<u>150.000</u>
	<u>96.735.815</u>	<u>80.219.225</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	5,8	4,6
------------------------------	-----	-----

4 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	360.000	0
	<u>360.000</u>	<u>0</u>

Skýringar

	2022	2021
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	533.608	183.131
Byggingarvörur, almennar	7.859	0
Tæki og búnaður til innréttinga	86.335	0
Ýmis tæki og áhöld	185.159	430.952
Orkugjafar	59.301	98.754
Matvæli	833.099	790.477
Almennar rekstrarvörur	567.181	36.878
Vörukaup, almenn	2.272.542	1.540.192
Ýmsar sérgreindar vörur	4.961	0
Vörukaup, sérgreind	4.961	0
Fundir, námskeið, risna	4.830.164	3.384.029
Ferðir, uppihald	856.358	0
Akstur	371.567	215.712
Sérfræðipjónusta	55.697.158	14.886.470
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	13.305.892	11.685.407
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.253.722	388.715
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	511.129	1.179.368
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	76.825.990	31.739.701
Afnotagjöld	3.985.659	3.549.785
Leigugjöld	7.105.128	5.790.039
Notkun véla og flutningatækja	77.090	20.150
Verkkaup	1.870.229.817	1.992.342.991
Kostnaðarhlutdeild	673.145	402.058
Tryggingar, lögboðnar	1.241.632	1.084.934
Opinber gjöld	2.552.481	2.541.692
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	1.885.864.952	2.005.731.649
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.964.968.445	2.039.011.542
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	933.665	755.602
Sölutap og úreltar eignir	0	289.344
	933.665	1.044.946
	2022	2021
7 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		
Ýmsar fjármunatekjur	73.557.326	14.583.393
	73.557.326	14.583.393
8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	9.334.322	3.030.247
Dráttarvextir	187.503	70.738
	9.521.825	3.100.985

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	3.057.572	3.173.775
	<u>3.057.572</u>	<u>3.173.775</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	6.468.154	6.468.154
Viðbætur á árinu	817.462	817.462
	<u>7.285.616</u>	<u>7.285.616</u>
Afskriftir 01.01.2022	3.294.379	3.294.379
Afskrift ársins	933.665	933.665
	<u>4.228.044</u>	<u>4.228.044</u>
Staða 31.12.2022	<u>3.057.572</u>	<u>3.057.572</u>
	31.12.2022	31.12.2021

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.019.857.654	1.770.139.793
	<u>2.019.857.654</u>	<u>1.770.139.793</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	648.760
	<u>0</u>	<u>648.760</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	1.348.286.009	1.137.034.368
Afkoma ársins	338.371.241	211.251.641
Jöfnuður 31.12.	<u>1.686.657.250</u>	<u>1.348.286.009</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 126,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
12 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	323.494.312	411.833.637
	<u>323.494.312</u>	<u>411.833.637</u>
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	9.621.115	9.596.563
Önnur ógreidd gjöld	1.237.829	10.101.102
	<u>10.858.944</u>	<u>19.697.665</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	3.057.572	3.173.775
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	880.419	397.881
	<u>3.937.991</u>	<u>3.571.656</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	3.173.775	397.881	3.571.656
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.300.000	1.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	817.462	(817.462)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(933.665)	0	(933.665)
	<u>3.057.572</u>	<u>880.419</u>	<u>3.937.991</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði út september 2031 og ýmsa þjónustu- og rekstrarsamninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 7,7 milljónum og vegna þjónustu- og rekstrarsamninga kr. 6,3 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

Fullgild rafræn undirskrift SANDRA BRÁ JÓHANNSDÓTTIR Kennitala: 240179-2969 2023-12-13 15:33:36 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift GUDNÝ HJALTADÓTTIR Kennitala: 170186-2659 2023-12-14 09:45:33 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift LÍF MAGNEUDÓTTIR Kennitala: 130874-6069 2023-12-14 11:49:19 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift LÁRUS MICHAEL KNUDSEN ÓLAFSSON Kennitala: 080274-3279 2023-12-18 15:31:40 GMT Ástæða: Undirskrift
Fullgild rafræn undirskrift KRISTÓFER MÁR MARONSSON Kennitala: 270993-3709 2023-12-18 17:53:30 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift HILDUR HAUKSÓTTIR Kennitala: 260586-2899 2023-12-19 10:35:29 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift JÓN VIGGÓ GUNNARSSON Kennitala: 011069-5339 2023-12-19 15:21:31 GMT Ástæða: Undirskrift	Fullgild rafræn undirskrift BENEDIKT SVEINBJ. BENEDIKTSSON Kennitala: 210774-4679 2024-01-09 10:58:08 GMT Ástæða: Undirskrift

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2022 staðfestum við undirritaðir stjórnendur

14-287 Úrvinnslusjóður

að eftirfarandi er samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

- Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.
- Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald stofnunarinnar. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum stofnunarinnar.
- Að útgjöld stofnunarinnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviðja/málaflokka er rétt.
- Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
- Allar eignir stofnunarinnar koma fram í efnahagsreikningi, þ.m.t. í eignaskrá. Stofnunin hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst hefur verið um.
- Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
- Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.
- Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum stofnunarinnar í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
- Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga stofnunarinnar.
- Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.
- Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í lok árs 2022.
- Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn stofnunarinnar, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

Sandra B. Jóhannsdóttir
Forstöðumaður

Stjórn Úrvinnslusjóð

(undirritað rafrænt)

(undirritað rafrænt)

3. Rekstur vörflokka

